



EFTIRLITSSKÝRSLA

Veitur ohf. Vatnsveita Akranesi

Dags eftirlits	13.5.2026	Tegund eftirlits	Eftirlit
Fyrirtæki	Veitur ohf.		
Heimili	Bæjarhálsi 1		
Kennitala	5012131870		
Fulltrúi fyrirtækis	Sigrún Tómasdóttir	Heilbrigðisfulltrúi	Þorsteinn Narfason Ásdís Helga Bjarnadóttir

UMFANG EFTIRLITS

Sýni tekin að Leynisvöllum 40 í bílskúr við inntak og í Grundarskóla í fyrsta vaski eftir inntak. Fyrir lá kvörtun íbúa að Leynisvöllum 40 um gæði neysluvatns sé ábótavant og vísaði hann til þess að sía sem staðsett er á inntaki sé að safna miklu í sig. Ásmundur Jónsson frá Veitum var viðstaddur eftirliti.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Heilbrigðiseftirlitið mældi hitastig, sýrustig og leiðni á staðnum og eru þær niðurstöður ritaðar á rannsóknarvottorðið. Mælgagnar gáfu ekki tilefni til athugasemda.

Rannsóknarniðurstöður Matís eru að neysluvatnið stenst gæði reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn.

ÁBENDINGAR

Af gefnu tilefni er upplýst að sýrustigsmælar heilbrigðiseftirlitsins eru kvarðaðir vikulega.

Sía á Leynisvöllum 40 er staðsett við hitagrind í glæru hylki. Við þessar aðstæður gæti sían virkað sem ræktunarstöð fyrir bakteríur. Sían var send í rannsókn en niðurstöður liggja ekki fyrir. Að mati heilbrigðiseftirlits gæti sían gert meira ógagn en gagn og er í raun algerlega óþörf.

ANDMÆLARÉTTUR

Ef ekki eru tók á að framkvæma lagfæringar innan þess tíma sem tiltekinn er hér að framan, ber að senda Heilbrigðiseftirliti Vesturlands ósk um frestun með tímasettri framkvæmdaáætlun.

Tilkynningu um að úrbætur hafi verið framkvæmdar skal koma til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands ekki síðar en 10 dögum eftir að úrbótum er lokið. Senda má tölvupóst á netfangið eftirlit@hev.is.

Ef einhverjar athugasemdir eru við úttektarskýrslu þessa óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs. Ef fylgja þarf málinu eftir með viðbótareftirlitsferð verður rúkað sérstaklega fyrir það skv. gildandi gjaldskrá heilbrigðiseftirlitsins.

Vakin er athygli á því að samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa þessu máli til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, ef ekki er unað ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands. Nánari upplýsingar um nefndina er að finna á slóðinni: www.uua.is. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Það á þó ekki við ef mælt er fyrir um annan kærufrest í þeim lögum sem kæránleg ákvörðun byggist á.

19.05.2026

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Narfason